

**Ed.**

### **419. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 12, 9. júlí 1909, um breyting á lögum um stofnun landsbanka 18. sept. 1885, m. m.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir ekki getað orðið sammála um mál þetta; vill minni hlutinn ógjarna sinna því að þessu sinni, en meiri hlutinn leggur til, að frumvarpið nái fram að ganga með nokkrum breytingum.

Teljum við störf bankans vera orðin svo mörg og margbrotin, að nauðsyn sje á að styrkja bankastjórnina frá því sem nú er, ekki sist þar sem ástand allt er nú mjög viðsjárvert og fyrir bankanum liggja viðtæk og ábyrgðarmikil viðfangsefni.

Hins vegar þykir viðurhlutamikið að afnema gæslustjórana nú þegar; verður því að visu ekki neitað, að hætt sje við, að brestur geti á því orðið, að þeir sjeu svo kunnugir högum bankans og viðskiftum yfirleitt sem æskilegt eða jafnvel nauðsynlegt væri, því ekki má ætlast til, að þeir verji nema litlum hluta af starfskröftum sínum í bankans þarfir fyrir þóknun þá, sem þeim nú er ætluð. En úr þessu má nokkuð bæta með því að hækka þóknunina, og leggjum við því til, að laun þeirra verði hækkuð upp í 2000 kr.

Þá teljum vjer nægilegt, að tveir bankastjórar undirriti skuldbindingar bankans, ella yrðu þeir of bundnir við dagleg störf.

Frekari breytingar virðist ekki rjett að gerðar sjeu í þetta sinn; ætlumst til, að bankastjórnin, er hún er orðin fastari í sessi en nú á sjer stað, í samráði við stjórnina, undirbúi gagngerðar breytingar á stjórnartilhögun bankans.

### **BREYTINGARTILLÖGUR.**

1. Við 1. gr. 1. gr. orðist svo:

1. gr.

1. gr. orðist svo:

Í stjórn Landsbankans eru 3 bankastjórar, er stjórnarráðið skipar, og 2 gæslustjórar, er kosnir sjeu sinn af hvorri deild Alþingis til 4 ára í senn, eftir þeim reglum, sem hingað til hafa gilt.

Stjórnarráðið getur vikið bankastjórum frá um stundarsakir, einum eða fleirum, þegar því þykir brýn nauðsyn til bera, og að fullu og öllu, ef miklar sakir eru, enda geri þeim skriflega grein fyrir, hvað veldur.

Stjórnarráðið setur mann til að gegna bankastjórastarfi um stundarsakir, ef bankastjóri forfallast eða sæti hans verður óskipað að sinni.

2. Við 2. gr. Greinin falli niður.

3. Við 3. gr. 3. gr., er verður 2. gr., orðist svo:

2. gr.

4. gr. orðist svo:

Stjórnarráðið skipar bókara og fjehirði bankans og vikur þeim frá, hvort-tveggja eftir tillögum bankastjórnar. Aðra sýslunarmenn skipar bankastjórnin og vikur þeim frá. Hún ræður starfstíma þeirra o. s. frv. Tveir bankastjórar skulu undirskrifa svo að skuldbindi bankann, ef gefa skal út eða framselja vixla, önnur verðbrjef eða aðrar skriflegar skuldbindingar.

Kvittanir frá bankanum eru því að eins fullgildar, að fjehirðir hafi ritað undir þær og þeim fylgi áritun bókara um að þær sjeu athugaðar. Fjehirðir bankans má eigi greiða neina fjárhæð úr bankanum, sem samþykki bankastjórnar þarf til, nema með samþykki tveggja bankastjóra.

Nú er bankastjóri forfallaður og undirskrifar þá annar hvor gæslustjórinn í hans stað.

Verði ágreiningur milli bankastjórana um eitthvert mál, er bankann varðar, ræður meiri hluti bankastjórnarinnar.

4. Við 4. gr. 4. gr., er verður 3. gr., orðist svo:

3. gr.

5. gr. 1. setning orðist svo:

Bankastjórar hafa í árslaun 8000 kr. og gæslustjórar 2000 kr.

Alþingi, 11. ágúst 1917.

Magnús Torfason,  
form. og ritari.

Kristinn Danielsson,  
með fyrirvara.

H. Hafstein,  
með fyrirvara.